

## Reglur SFR

### Ferða- og dvalarkostnaður trúnaðarmanna vegna trúnaðarmannafunda/trúnaðarmannafræðslu.

Trúnaðarmenn, sem sækja fundi á vegum SFR og eru ekki búsettir á Reykjavíkursvæðinu, skulu fá greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Trúnaðarmenn skulu ferðast með eins ódýrum hætti og mögulegt er.
2. Trúnaðarmenn skulu fá greitt andvirði flugfargjalds, þar sem hægt er að nota flugsamgöngur. Annað hvort skal nýta flugkort SFR og panta flug í gegnum skrifstofu SFR eða þá að trúnaðarmaður bókar sjálfur ódýrt flug á netinu og fær endurgreitt
3. Þar sem ekki eru flugsamgöngur skulu greiðslur vera 60% af kílómetragjaldi (+vegatollar).
4. Í þeim tilvikum sem trúnaðarmaður getur ekki ferðast fram og til baka samdægurs, skal félagið sjá honum fyrir gistingu. Tilkynna ber félaginu með 4 daga fyrirvara ef gistingar er þörf.
5. Ef trúnaðarmenn þurfa að dvelja lengur en fundadag(a) í Reykjavík, skal félagið sjá þeim fyrir fæði eða greiða þeim fæðiskostnað sem er kr. 2.000.- í hálfan dag og kr. 4.000.- í heilan dag.
6. Ef þörf krefur greiðir félagið leigubílakostnað til og frá flugvelli í Reykjavík.

Í þeim tilvikum sem ofanritaðar reglur ná ekki til, skal samið sérstaklega um greiðslur.

Reglur þessar gilda frá og með 28. ágúst 2007.